

Nefnda- og greiningasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 3. nóvember 2023

Efni: Umsögn Fimleikasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um skattalega hvata vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks, 63. mál

Fimleikasamband Íslands (FSÍ) hefur eftirfarandi athugasemdir á tillögu um skipun starfshóps um útfærslu skattalegra hvata til launagreiðanda, hvort sem er á opinberum eða almennum markaði vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks, 63. mál.

FSÍ tekur heilshugar undir þau markmið að keppnis- og afreksíþróttafólk fái greidd laun að hluta eða að fullu frá launagreiðanda þegar það þarf að mæta á æfingar eða íþróttamót og launagreiðandi fái skattaávilnun á móti. Þannig verði skapaður hvati með skattkerfinu fyrir fyrirtæki til þess að ráða til starfa hjá sér keppnis- og afreksíþróttafólk.

Með þessu fyrirkomulagi má, án efa, fækka áhyggjuvaldandi þáttum í daglegu lífi íþróttafólks og þannig hjálpa því að ná betra jafnvægi og um leið ýta undir þá þætti sem geta leitt til betri árangurs, bæði í starfi sem og á íþróttasviðinu.

Samfélagið okkar nýtur góðs af fyrirmynum íþróttanna, forvarnargildi íþróttanna er óumdeilt og myndi fyrirkomulag sem nú er lagt til einnig styðja við þau lýðheilsuáhrif sem sett hafa verið.

Virðingarfyllst,
fh. Fimleikasambands Íslands,



Sólveig Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri